



Nýársávarp
forseta Íslands
Ásgeirs Ásgeirssonar
1. janúar 1967

Góðir Íslendingar, nær og fjær!

Ég þakka gamla árið og óska hverjum og einum og þjóðinni í heild gleðilegs og farsæls nýárs. Raunar getur maður ennþá einnig óskað gleðilegra jóla, því hin fornu jól og vor jól í vissum skilningi, vara allt fram á þrettánda. Þessi mikla og fornhelga miðsvetrarhátíð er ein heild, þó jóladagur og nýársdagur skeri sig úr. Renna þá saman að nokkru leyti heiðnir og kristnir siðir og hugmyndir án árekstra. Fornar venjur eru lífseigar, ekki síst í sambandi við stórhátíðir, sem breyta þó um merkingu við hver siðaskipti. Á jólum voru á reiki vættir landsins, góðar og illar, og þurfti ýmsan varnað að hafa. Jólin eru hátíð gnægta og gjafa, og vekja nú, í kristnum sið, sumt hið besta, sem blundar í sálardjúpinu – vorn betri mann, góðvild, bróðurhug og sálarfrið.

Um áramótin er litið aftur um öxl og fram á ófarna leið, og fellur það að mestu í hlut annarra ræðumanna, eins og vant er. En eins atburðar á liðnu ári get ég þó ekki látið ógetið, en það er lokaákvörðunin í handritamálinu 17. nóvember síðastliðinn. Það var viðkvæmt mál öllum almenningi hér á landi og ýmsum Dönum, einkum fræðimönnum og safnvörðum.

Handritamálið var hyggilega rekið af vorri hálfu, engin höfuðáhersla á hinni réttarfarslegu hlið málsins, heldur sögulegum og náttúrlegum rétti, sem Danir tóku fullt tillit til, þó slíku sé ekki ætíð að fagna í viðskiptum þjóða á milli. Með þessari aðferð hefir Íslendingum jafnan orðið best ágenzt í sjálfstæðis- og viðreisnarbaráttu sinni.

Málið er útkljáð, og þá jafnframt lokið þeim ágreining og deilum, sem staðið hafa á aðra öld um samband og samskipti Íslendinga og Dana. Margir vinir vorir danskir hafa kallað yfir sig nokkura pólitíska óvild fyrir skilning sinn á og fylgi sitt við hinn íslenska málstað, og er það ekki ný bóla. En því þakklátari megum vér vera, bæði þeim og dönskum almenningi yfirleitt. Íslendingar ljúka hér upp einum munni um það, að fáar þjóðir, ef nokkrar, hefðu reynst oss jafn skilningsgóðar og drengilegar á úrslitastundum sjálfstæðisbaráttunnar og Danir, þó oft hafi gætt mikillar tregðu í sjálfri viðureigninni. Sá jólafriður, sem nú ríkir í þessum efnum, mun haldast.

Í bókmenntum og íslenskri tungu lifir og vakir íslenskt þjóðerni. Þó íslenskar fornþakmenntir séu mikilsvirtar meðal erlendra fræðimanna, þá eru þær hvergi almenningseign nema hér á landi – nema vera skyldi Heimskringla Snorra með Norðmönnum. Þær eru lifandi afl í íslensku þjóðlífi. Þess vegna eiga handritin heima hér og hvergi annarsstaðar, hvað sem líður eignarrétti og ástundun fáeinna fræðimanna.

Fornar minjar eru hér og fáar aðrar en handrit og bókmenntir. Þar hefir þjóðarsálin varðveist um aldir. Minningarnar hafa vakið stórhug og djörfung

fámennrar, fátækrar þjóðar í langri og torsóttri viðreisnarbaráttu. Sú þjóð á sér mesta viðreisnarvon, sem átt hefir glæsilega fortíð og varðveitt sögu sína. Hvar væri Ísland nú á vegi statt án bókmenntaiðju forfeðranna?

Handritastofnun, sem á að taka til allra íslenskra fræða, verður fjárfrek. En til fjárveitinga kalla brýnar þarfir hins nýja tíma, og vísast verður engum alveg fullnægt. Væri það ekki ráð að sjá Handritastofnuninni fyrir sjálfstæðum tekjum með sjóðsstofnun, sem gerði stofnuninni, og þá máske einhverjum öðrum opinberum bókasöfnum, hægara um vik, en ef eingöngu væri stuðst við árlegar fjárveitingar? Ef gert er ráð fyrir ríflegu stofnfjárframlagi og bókagjöfum áhugamanna, þá mætti slíkt verða til mikils léttis, og gæti þá Handritastofnunin orðið miðstöð íslenskrar bókasöfnunar og dreifingar.

Stofnunin hefir miklu hlutverki að gegna. Hér lifir hin forna tunga, íslenskan, með þeim viðaukum, sem breyttir tímar heimta, og ættum vér að leggja niður þann sið að kalla það fornnorrænt, sem er alíslenskt. Hingað þurfa því erlendir menn að leita, sem vilja kynna sér til nokkurar hlítar íslensk fræði. Íslenskan er við hlið latínunnar formóðir margra hinna helstu menningarmála vestræns heims. Úrræði til sjóðsstofnunar verða innan skamms tekin til umræðu, en ekki gerð nánari grein fyrir í þessu stutta ávarpi.

Núlífandi eldri menn muna glöggt hallærisástand þjóðarinnar fram á og jafnvel fram yfir síðustu aldamót. Nú um hátíðirnar þykir mörgum nóg um allan íburð og kaupskap. Miðsvetrarhátíðin hefir að vísu frá fornu fari verið hátíð fæðis, klæða og samfunda, þegar og þar, sem kostur hefir verið á. En einhlítar hafa allsnægtimar aldrei verið til að skapa frið, velþóknun og sálarró.

Þó hófs skuli gæta, þá bera þó hátíðabrigðin skýran vott um vaxandi velgengni síðustu áratuga. Og enginn mundi vilja skipta á þeim lífskjörum, sem þjóðin býr nú við og örbirgð fyrri alda. En viðbúin þurfum vér að vera misjöfnu árferði, en það hefir jafnan gengið í öldum. Á síðastliðinni hálfri öld hefir orðið bylting í aðbúð og atvinnuháttum, meiri en nokkru sinni áður í sögu þjóðarinnar, atvinnu-, iðnaðar- og samgöngubylting. Vélin er komin í stað hestsins, árinna og amboðanna, vistleg hús í stað hrörlegra torfbæja, hiti og ljós í stað kulda og myrkurs.

Allt þetta skapar ný viðfangsefni um arðskipting og skipulag. Nú er ekki lengur við Dani að deila. Viðureignin stendur á milli landsmanna sjálfra. Átökin eru hörð. Kosningar standa fyrir dyrum. Þegar ókunnugir dæma eftir orðanna hljóðan, þá er ekki á að lítast. En heimamenn vita af eldri reynslu og daglegri umgengni, að íslensk þjóð er samstæðari en út lítur fyrir á yfirborðinu. Á úrslitastundum hefir hún staðið saman, á stundum sem einn maður.

Vér erum fámenn þjóð, en ekki fátæk lengur. Viðkynning er mikil milli einstaklinga og innan og milli starfsstétta. Þó „varimar fljóti ekki í gælum,“ þá unum vér best í eigin hóp „við land og fólk og feðratungu.“ Heimþráin er rík, hvar sem Íslendingur er staddur meðal framandi þjóða. Ræturnar standa djúpt í íslenskum jarðvegi, og arfurinn er dýrmætur. Það hefi ég fundið einna gleggst meðal gamalla Vestur-Íslendinga, sem þó höfðu flúið undan skorti og hallæri. Fjallkonan var „beinaber, brjóstin visin og fölar kinnar“ kvað Bólu-Hjálmar um þær mundir. Átökin eru óhjákvæmileg í lýðræðislandi, en innan skefja þarf að halda þeim, svo ekki stefni til harðstjórnar og ofsókna. Einn hinn mesti ávinningur síðustu alda í vestrænum heimi er frjáls hugsun, frjálsar umræður og fundafrelsi.

Vestræn menning og stjórnarhættir er oss í blóð borin. Hið forna þjóðveldi og nútíma þingræði er runnið af sömu rót. Alþingi og lýðveldi er endurheimt. Samhengi sögunnar er glöggt frá upphafi Íslandsbyggðar. Af sögunni er margt að læra, bæði til

fyrirmyndar og viðvörunar. Ein Sturlungaöld ætti að nægja þjóðinni. Hverri tilraun til einræðis myndi ljúka á sama veg og þá, með erlendum yfirráðum.

Það er ný öld, sem vér lifum á, og í nýjum heimi. Tvær heimsstyrjaldir hafa umturnað umheiminum. Tæknin í vígbúnaði og samgöngum veldur nýjum vanda í alþjóðamálum. Það vill svo til, að á sama tíma sem lýðveldi var endurreist á Íslandi, þá fór nauðsynin á alþjóðasamstarfi sívaxandi. Samtök hinna Sameinuðu þjóða voru mynduð, en sú hefir orðið raunin á, líkt og um Alþingi hið forna, að þar vantar framkvæmdavaldið. Af því leiða svo hin minni þjóðabandalög.

Það er engin þjóð lengur einangruð á þessum litla hnetti, sem nú er flogið í kringum með hraða hljóðsins. Hinn nýi vandi í innanlands- og utanríkismálum hvílir á herðum vor sjálfra. Íslensk þjóð er nú bæði myndug og fullvalda. En það merkir ekki, að vér þurfum aldrei að taka nein tillit. Guð gefi oss þroska og skilning til að leysa svo hvern vanda, sem ber að höndum, að þjóðin verði farsæl og langlíf í landinu.

Ég kveð yður svo, góðir samlandar, að þessu sinni, og óska Guðs blessunar!